

Nd.

559. Breytingartillögur

[221. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1983.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. 2. gr. falli niður.
2. 3. gr. verði 2. gr. og í stað tölunnar „860 000 þús. kr.“ komi: 800 000 þús. kr.
3. 4. gr. verði 3. gr. og í stað tölunnar „33 000 þús. kr.“ komi: 8 000 þús. kr.
4. 6. gr. verði 5. gr. og breytist þannig:
 - a) Í stað tölunnar „145 100 þús. kr.“ í 2. tölulið komi: 180 000 þús. kr.
 - b) Við greinina bætist nýr töluliður:
 3. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1983 að fjárhæð allt að 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. 7. gr. verði 6. gr. og orðist svo:

Sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra er heimilt að taka lán á árinu 1983 vegna framkvæmda og skuldbreytinga samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila og fjárhæð allt að 20 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Ný grein verði 8. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán Bygðasjóðs að fjárhæð allt að 5 000 þús. kr. vegna smíði fiskiskipa innanlands.
7. Í stað tilvitnana í „3., 4., 5., 6. og 7. gr.“ í 9. gr. komi: 2., 3., 4., 5. og 6. gr.
8. 1. og 2. málgr. 25. gr. orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilega afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra, svo og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.
9. Ný grein verði 28. gr. og orðist svo:

Lánsfé samkvæmt lögum þessum skal ráðstafa í samræmi við fjárlög fyrir árið 1983. Að því leyti sem ákvæði laga þessara fela í sér viðbót við heimildir fjárlaga skal því fé ráðstafað að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, og skal núverandi fjárveitinganefnd starfa þar til önnur hefur verið kjörin.